Kópavogi 10. febrúar 2022
One# 2104023

Efni: Okkar Kópavogur, niðurstöður rafrænna kosninga 2022

Rafrænar kosningar í fjórðu umferð verkefnisins Okkar Kópavogur hófust þann 26. janúar sl. og lauk um hádegi í gær, 9. febrúar 2022. Á kjörskrá voru 32.506 íbúar og alls kusu 4759 íbúar, eða 14,6%, sem telst ágætur árangur í samanburði við fyrri árangur í Kópavogi og önnur sveitarfélög sem ráðist hafa í sambærileg verkefni.

Í hugmyndasöfnuninni í haust var 70% aukning bæði í virkni íbúa og innsendingu hugmynda, sem sýnir áhuga íbúa á verkefninu. Ákveðið var að færa kosningaaldur niður í ungmenni fædd 2008 og eldri, þ.e. úr 16 ára á árinu niður í 14 ára á árinu. Enn er þó ekki búið að greina kosningagögnin og því ekki unnt að skera úr um áhrif þeirrar breytingar á þessum tímapunkti.

Til samanburðar má nefna að árið 2016 kusu 12,2% kjörgegnra íbúa í Kópavogi, árið 2018 kusu 17,7% kjörgengra íbúa, og árið 2020 kusu 15,6% kjörgengra íbúa. Athugið að fleiri kusu í ár en árið 2020 og skýrist hlutfallslækkunin af því að þýðið er stærra þar sem lágmarksaldur kjósenda var lækkaður um tvö ár.

Niðurstaða þeirra verkefna sem fara í framkvæmd má sjá í meðfylgjandi töflu. Jafnframt eru hér meðfylgjandi tölfræðilegar upplýsingar um niðurstöður kosninga í verkefninu Okkar Kópavogur á árunum 2016-2022.

Valin verkefni í Kársnesi	Atkvæði	m.kr.
Fjölga bekkjum við Kársnesstíg	260	3
Göngu- og hjólastígar meðfram strönd Kársness	227	25
Risaróla við Kársnesstíg	170	4
Samtals	**657**	**32**

Valin verkefni í Digranesi	Atkvæði	m.kr.
Lýsing í undirgöngum	446	11
Lýsing á gönguleið um Víghólasvæðið	412	6
Fjölga bekkjum í hverfinu	409	5
Skammdegislýsing í Hlíðargarð	371	5
Aðskilja göngu- og hjólastíga í Kópavogsdal, 1. áfangi	368	25
Þrektæki fyrir eldri borgara	314	8
Samtals	**2320**	**60**

Valin verkefni í Smárahverfi	Atkvæði	m.kr.
Lýsing við boltavelli við Smáraskóla	226	3
Vatnspóstur við ærslabelginn við Dalsmára	180	2
Fleiri leiktæki við ærslabelg við Dalsmára	141	9
Skilti með kynningu á gömlum leikjum	125	2
Róla fyrir hreyfihamlaða á leiksvæði í Smárahverfi	98	6
Samtals	**770**	**22**

Valin verkefni í Fífuhvammi (Lindir og Salir)	Atkvæði	m.kr.
Lýsing á göngustígum að Lindaskóla	402	6

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Fleiri vatnspósta í hverfið	361	2
Aparóla á lóð Lindaskóla	350	7
Lýsing á göngustíg meðfram golfvelli	318	7
Hjólastólaróla á leiksvæði í hverfinu	247	5
Meiri jólaljós í hverfið	214	6
Samtals	**1892**	**33**

Valin verkefni í Vatnsenda	Atkvæði	m.kr.
Ruslatunnur við göngustíga	489	3
Leiktæki í Guðmundarlund	443	8
Lýsing við undirgöng milli Ásakórs og Hörðuvallaskola	384	4
Malarstígur milli Boðaþings og Guðmundarlundar	365	11
Lýsing gangbrauta við hringtorg	361	11
Læsanleg hlaupahjólastæði við Vatnsendaskóla og Kórinn	259	6
Samtals	**2301**	**43**

Tölfræði yfir kosningaþátttöku í Okkar Kópavogi 2016-2022			
Kosningaár	**Á kjörskrá**	**Fjöldi atkvæða**	**Hlutfall**
2016	25.211	3076	12,2%
2018	28.466	5031	17,7%
2020	30.130	4700	15,6%
2022	32.506	4759	14,6%

Allar niðurstöður kosninganna eru jafnframt lagðar fram í viðhengi.

Virðingarfyllst,

Sigrún María Kristinsdóttir
verkefnastjóri íbúatengsla

Skjal sótt af '00000000000' dags: 11.11.2026